

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 18. apríl 2024 eftirfarandi:

Óveruleg deiliskipulagsbreyting, Breiðamýri – svæði 1.

Deiliskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir staðsetningu sorpskýlis í tengslum við rekstur matvöruverslunar að Lambamýri 3.

Bæjarráð Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 16. júlí 2024 eftirfarandi:

Skerpluholt 11 og 13, óveruleg deiliskipulagsbreyting, Hnoðraholt norður.

Tillagan gerir ráð fyrir því að gólfkóti einbýlishúsanna að Skerpluholti 11 og 13 hækki um 50 cm.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti á afgreiðslufundi 27. ágúst 2024 eftirfarandi:

Óveruleg deiliskipulagsbreyting fyrir Hnoðraholt – Þorraholt, reitir F-1b, F-1c og F-2.

Breytingin nær til eftirfarandi lóða; Þorraholt 5, 7, 9, 11, 13, 15, 17 og 19 á svæðum F1 og F2.

Helstu breytingar eru:

Sameina lóðir 5, 7 og 9 í eina lóð.

Byggingarreitir neðanjarðar breytast á lóðum Þorraholt 5, 7 og 9, byggingarmagn óbreytt.

Sameina lóðir 11, 13 og 15 í eina lóð.

Sameina lóðir 17 og 19 í eina lóð.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 27. ágúst 2024.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 28. ágúst 2024